

# Lög

um breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, og lögum  
nr. 156/1996, um breyting á þeim lögum.

---

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skulu tekjur af atvinnu-tryggingagjaldi vegna reiknaðs endurgjalds þeirra sem falla undir gildissvið laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga renna í hlutaðeigandi deild þess sjóðs.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 156/1996 fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

---

*Samþykkt á Alþingi 14. maí 1997.*